

um bifreiðakostnað ríkisstjórnarinnar.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gís Guðmundsson.

Alþingi ályktar:

- 1) að heimila ríkisstjórninni að hafa 1—2 bifreiðar og einn til tvo fastráðna bifreiðarstjóra í embættisþágu á kostnað ríkissjóðs;
- 2) að selja atvinnubifreiðarstjórum aðrar bifreiðar, er ríkissjóður á og ráðherrar, núverandi eða í fyrrverandi ríkisstjórn, hafa eða höfðu til eigin nota, enda sé tilboða leitað í bifreiðarnar og þær seldar hæstbjóðendum.

Greinargerð.

Íslensk þjóð er enn svo fátæk að fé og framleiðslutækjum, að hún verður að gæta ýtrustu sparsemi og ráðdeildar í hvívetna, jafnt í smáu sem stóru. Því til sönnunar nægir að nefna það eitt, að hún hefur nú um nokkur ár orðið að lúta því hlutskipti að biðja í auðmýkt erlenda þjóð að gefa sér allmörg hundruð milljónir króna sér til lífsbjargar og viðreisnar, án þess þó að sýnt væri nægilega fram á, að þjóðin hefði orðið fyrir þeim áföllum, er talizt gætu gild afsökun fyrir slíku.

En þrátt fyrir þetta hefur því verið mjög á loft haldið á sama tíma, og það ekki að ástæðulausu, að þjóðin sýndi það í fáu, að svo hefði verið að henni þrengt, að nauður einn hefði rekið hana til að biðja um fjárgjafirnar; þvert á móti þrífist hér hin versta sóun verðmæta og lausung í meðferð fjármuna ásamt hóflausu tildri og tilhaldssemi. Gildir þar einu, hvort um er að ræða einstaklinga eða opinbera aðila.

Það má ljóst vera, að um ráðdeild og sparsemi verða æðstu valdamenn þjóðarinnar að vera til fyrirmyndar öðrum þjóðfélagsborgurum sem lægra eru settir, því að „eftir höfðinu dansa limirnir“. Ef ráðherrar og aðrir valdamenn þjóðarinnar leyfa sér alls konar þrjá og óhóf á kostnað almennings að hætti austurlenzkra höfðingja, má nærri geta, að ýmsir aðrir telji sig hafa rétt til að fara ekki sparlegar með það fé, sem þeir sjálfir teljast eiga, en þjónar þó þjóðarheildinni eða gæti þjónað henni í einhverri mynd, hversu sem háttar eignarheimild þess.

Við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu leggjum til, eins og þar greinir, að minnkað verði bílahald og bifreiðakostnaður ríkisstjórnarinnar mjög verulega frá því, sem nú er. Hefur óhótseyðsla í þessu efni færzt mjög í aukana hin síðustu ár, án sýnilegrar ástæðu og án þess að nokkur gild rök hafi verið fram færð fyrir þessum bifreiðakostnaði. Er og ekki sýnilegt, að það verði rökstutt á nokkurn hátt, að ráðherrar, búsettir og starfandi í Reykjavík, þurfi á bíl að halda vegna starfs síns, hvað þá að hverjum ráðherra sé þörf á einkabifreiðarstjóra á fullum launum, meðan hann situr á skrifstofu sinni, á Alþingi eða dvelst á heimili sínu til hvíldar og endurnæringar.

Sér í lagi verður þó nauðsyn þessa ekki greind, þegar tekið er tillit til fátæktar þjóðarinnar og þeirrar skattþíningar, sem hún hefur átt við að búa um langt árabíl til að standa straum af ýmsum óhjákvæmilegum útgjöldum þjóðfélagsheildarinnar.

Í því sambandi væri holt að hafa það hugfast, að Per Albin Hanson, sem um langt skeið var forsætisráðherra hins auðuga Svíaveldis, ferðaðist jafnaðarlega í strætis- og sporvögnum og varð bráðkvaddur, er hann steig út úr slíku farartæki á leið til heimilis síns. Er þó ólíku saman að jafna auði Svíþjóðar og Íslands.

Tillaga þessi felur í sér nokkur hundruð þús. kr. sparnað árlega, og væntum við flutningsmenn hennar því, að ríkisstjórnin mæi með því, að hún nái fram að ganga á þessu þingi. Væri með því fengið fordæmi um sparnaðarvilja ríkisstjórnarinnar, og er þá ekki að efa, að fleiri tillögur í sparnaðarátt myndu verði lagðar fram af hálfu þingmanna, þegar sýnt væri, að ríkisstjórnin kynni slíkt vel að meta.